

Nd.

172. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 24, 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

Á eftir 9. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er maður smitberi eða grunaður um að vera smitberi einhvers þess sjúkdóms, er getur um i 2. gr., og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt, þegar henni þykir ástæða til, að fara með hann eins og hann væri haldinn af þeim sjúkdómi.